

Nr. 25.
16.
nóvbr.

Lög

um

vernd ritsíma og talsíma neðansjávar.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Það varðar hegningu ef einhver af ásettu ráði, eða vegna skorts á almennri varúð, veldur sliti eða skemmdum á ritsíma eða talsíma neðansjávar innan eða utan landhelgi við Ísland, svo að sambandið slitnar eða truflast að öllu eða nokkru leyti. Auk þess má með einkamáli sækja hinn seka til skaðabótaþrengislu.

Þetta hegningarákvæði á ekki við slit eða skemmdir, sem stafa frá athöfnum, sem einungis hafa verið framkvæmdar í þeim tilgangi að vernda líf manna eða skip frá háska, eða sem eðlilega, eða af tilviljun, hafa orsakast af viðgjörð símanna, hvorttveggja þetta þó því að eins, að alls þess hafi verið gætt, sem unnt var, til þess að komast hjá slitum eða skemmdum.

2. gr.

Þegar skip eru innan eða utan landhelgi að starfa að viðgjörð á kafsímum, og bera til sýnis þau merki, sem fyrirskipuð eru með konunglegri tilskipun, þá skulu önnur skip, sem sjá, eða eiga að geta sjð þessi merki, halda sig eigi skemmra en mílu-fjórðung frá aðgjörðaskipinu. Í sömu fjarlægð skal hafa net og önnur veiðarfæri; þó hafa fiskibátar 24 stunda frest til þess að haga sjer eptir þeirri aðvörun, sem felst í fyrgreindum merkjum, svo að á því tímabili má eigi leggja neinar tálmanir fyrir umferð þeirra.

3. gr.

Ennfremur skulu skip þau, er sjá eða eiga að geta sjð duff, sem lögð eru út vegna þess, að verið er að leggja síma neðansjávar eða gjöra við slit eða skemmdir á þeim, halda sig eigi skemmra en $\frac{1}{4}$ úr mílufjórðung frá duflum þessum. Net og önnur veiðiáhöld skal hafa í sömu fjarlægð frá duflunum.

Nr. 25. Lög 16. nóvember um vernd ritsíma og talsíma neðansjávar.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

Lov

om

Beskyttelse af undersøiske Telegraf- og Telefonledninger.

Nr. 25.
16.
Novbr.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Forsætlig eller ved Mangel paa skyldig Agtpaagivenhed foranlediget Brud eller Beskadigelse af et undersøisk Telegraf- eller Telefonkabel saavel paa som udenfor Søterritoriet ved Island, hvorved Forbindelsen helt eller delvis kan blive afbrudt eller forstyrret, medfører Strafansvar, uden at dette præjudicerer privat Søgmaal til Skadeserstatnings Udredelse.

Bestemmelsen om Strafansvar finder ikke Anvendelse paa Brud eller Beskadigelser, som foraarsages ved Handlinger, der ikkun ere foretagne i det Øjemed at værne om Menneskeliv eller Fartøjers Sikkerhed, eller som nødvendigt eller tilfældigt bevirkes ved Istandsættelse af et Kabel, alt dog kun for saa vidt de paagældende have truffet de Forholdsregler, der staa i deres Magt, for at undgaa saadanne Brud eller Beskadigelser.

§ 2.

Naar et Skib, der inden eller uden for Søterritoriet er beskæftiget med Istandsættelse af et undersøisk Kabel, fører de Signaler, som ere foreskrevne ved kongelig Anordning, skulle andre Fartøjer, som bemærke eller ere i Stand til at bemærke disse Signaler, holde sig i en Afstand af mindst een Kvartmil fra Kabelskibet. Ligeledes skulle Fiskegarn og andre Fiskeredskaber holdes i samme Afstand; dog skulle Fiskerbaade have en Frist af fire og tyve Timer til at rette sig efter den ved de ovennævnte Signaler givne Advarsel, saaledes at der i dette Tidsrum ikke maa lægges dem nogen Hindring i Vejen for deres Bevægelser.

§ 3.

Fremdeles skulle Fartøjer, der bemærke eller ere i Stand til at bemærke de Bøjer, som udlægges i Anledning af et undersøisk Kables Nedlæggelse, dets Brud eller Beskadigelse, holde sig i en Afstand af mindst en Fjerdedel Kvartmil fra disse Bøjer. Fiskegarn og andre Fiskeredskaber skulle holdes i samme Afstand fra Bøjerne.

Nr. 25. Lov af 16. November om Beskyttelse af undersøiske Telegraf- og Telefonledninger.

Nr. 25.
16.
nóvbr.

4. gr.

Ef skip eða bátur hefur orðið að sleppa akkeri, eða leggja net eða önnur veiðarfæri í sölurnar til þess að komast hjá því að skemma kafsíma í landhelgi eða utan, þá á eigandi heimting á skaðabótum fyrir þetta af símaeiganda, þó að því áskildu, að skaðinn sje sannaður með gjörð, er færð sje til bókar þegar í stað, ef unnt er, og staðfest af skipverjum, og að skipstjóri innan 24 stunda, frá því að skipið kemur fyrst í höfn eptir þetta, beri fram fyrir valdsmann þar skýrslu sína um skaðann. Valdsmaður skýrir síðan þeim frá málinu, sem konsúlumboð hafa fyrir þá þjóð, er frjettapráðareigandinn er frá.

5. gr.

Nú er sími lagður neðansjávar, eða er undir aðgjörð í landhelgi eða utan, og veldur þetta sliti eða skemmdum á öðrum síma, og á þá eigandi þess síma kröfu á hendur eiganda hins símans til endurgjalds fyrir þann kostnað, sem leiðir af viðgjörð á slitinu eða skemmdunum, svo framarlega sem slík krafa er samrýmanleg við grundvallarreglur íslenzkra laga um skaðabótaskyldu. Þessi ákvæði eru alls ekki því til fyrirstöðu, að beitt sje fyrirmælum 1. gr. laga þessara.

6. gr.

Brot gegn reglum þeim, sem settar eru í 1.—3. gr. þessara laga, varða sektum eða fangelsi (26. gr. hinna almennu hegningarlaga).

Með mál út af þessum brotum skal fara sem almenn lögreglumál, og skulu þau rekin á þeim stað, þar sem skipið eða hinn seki hittist. Sektir renna í landssjóð.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 16. nóvember 1907.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

§ 4.

Nr. 25.
16.
Novbr.

Saafrømt et Skib eller Fartøj har maattet opofre et Anker, Garn eller andet Fiskeredskab for ikke at beskadige et undersøisk Kabel paa Søterritoriet eller udenfor dette, har Skibets eller Fartøjets Ejer Ret til af Kabelejerer at faa Erstatning for den ham derved tilføjede Skade. Denne Ret er dog betinget af, at Redskabets Tab er konstateret ved en saa vidt muligt straks derefter optagen Protokol, forsynet med Skibsbesætningens Vidnesbyrd, og af, at Skibsføreren inden 24 Timer efter Skibets Ankomst til den første Havn herefter afgiver sin Forklaring om Skaden for den vedkommende Myndighed. Denne giver dernæst fornøden Meddelelse om det passerede til Konsularmyndigheden for det Land, hvor Kabelejerer er hjemmehørende.

§ 5.

Ejeren af et undersøisk Kabel, ved hvis Nedlæggelse eller Istandsættelse paa eller uden for Søterritoriet der foraarsages Brud eller Beskadigelse paa et andet Kabel, er forpligtet til at yde Ejeren af det sidste Kabel Erstatning for Omkostningerne ved den Istandsættelse, som Brudet eller Beskadigelsen nødvendiggør, for saa vidt et saadant Krav er foreneligt med islandsk Rets almindelige Regler om Erstatningspligt. Ved foranstaaende Bestemmelse præjudiceres i ingen Henseende den eventuelle Anvendelse af denne Lovs § 1.

§ 6.

Overtrædelser af de Forskrifter, som ere givne i denne Lovs §§ 1—3, medføre Straf af Bøder eller Fængsel (almindelig Straffelovs § 26).

Sager angaaende deslige Overtrædelser behandles som offentlige Politisager paa det Sted, hvor Skibet eller den Skyldige træffes. Bøderne tilfalde Landskassen.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 16. November 1907.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Islands Ministerium, den 16. November 1907.

H. Hafstein.

Ólafur Halldórsson.